Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi:	**Umhverfis- og samgöngunefnd**
Sendandi:	**Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið**
Dagsetning:	**22.03.2019**
Málsnúmer:	**SRN17110011**
Bréfalykill:	**6.0**

Efni: Minnisblað til umhverfis- og samgöngunefndar

Minnisblað þetta er ritað að beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis á fundi sem haldinn var þann 19. mars sl. Þar var óskað eftir því að brugðist yrði við athugasemdum sem nefndinni hafa borist vegna mála nr. 403 og 404.

Þar sem flestir umsagnaraðilar gerðu athugasemdir í einu og sama skjalinu við bæði málin verður fjallað um athugasemdirnar heildstætt.

1. **Byggðastofnun:**
   Í ljósi áherslu í máli 404 um samræmingu áætlana bendir umsagnaraðili á að í gildandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 sé lögð veruleg áhersla á fjarskipti. Umsagnaraðili reifar helstu þætti byggðaáætlunarinnar sem tengjast þingsályktunum ráðuneytisins án þess að koma að atriðum sem betur mætti fara í þingmálum 403 og 404.

   Í lok umsagnarinnar kemur fram:
   „Byggðastofnun hefur áður lagt áherslu á og ítrekar hér að við afnám einkaréttar Íslandspósts á sviði póstþjónustu verði gætt að tryggður verði aðgangur að lágmarkspóstþjónustu um allt land, þ.e. alþjónustu."

   Ráðuneytið bendir á að í frumvarpi til nýrra laga um póstþjónustu sem felur m.a. í sér afnám einkaréttar í póstþjónustu er gert ráð fyrir að lágmarkspóstþjónusta, svo nefnd alþjónusta, verði í boði um allt land. Samkvæmt frumvarpinu skal að lágmarki vera borið út einu sinni í viku en heimilt er að bera út póst oftar. Ráðuneytið vekur hins vegar athygli á því að bréfapóstur fer stöðugt minnkandi og reikna má með bréfasendingar heyri sögunni til innan nokkurra ára vegna vaxtar í rafrænum samskiptum og þjónustu.

2. **Eyþing, Samband íslenskra sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu.**
   Í umsögn Eyþings kemur fram eftirfarandi:
   „Stjórn Eyþings áréttar stefnu stjórnvalda um að auka notkun gervihnattarleiðsögutækni fyrir leiðsögu flugvéla á Íslandi og vísar í AKUREYRARFLUGVÖLLUR Uppbyggingaráætlun skýrslu sem unnin var fyrir Eyþing 2018. Skýrslan hefur verið afhent umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis."

   Ráðuneytið bendir á að gervihnattaþjónustu er getið í 403. máli, lið 3.9. „Mótað verði framtíðarfyrirkomulag fjarskiptatíðnimála og gervihnattaþjónustu á Íslandi og norðurslóðum.

   Ráðuneytið bendir á að gervihnattaleiðsögutækni sé hluti af aðföngum samgöngugeirans sem hins vegar nái langt út fyrir þann geira. Margt varðandi málefni gervitungla eru fjarskiptalegs eðlis og eru þau samræmd á heimsvísu af alþjóða fjarskiptasambandinu (ITU).

   Hafa verður í huga að notkun gervitungla er mjög fjölbreytt. Þannig geta gervitungl verið notuð í fjarskiptum, samgöngum, landkönnun, veðurþjónustu, loftslagsmálum, staðsetningarþjónustu, sem tímamerki, í hernaðarlegum tilgangi o.fl.

3. **Vestfjarðastofa; Fjórðungssamband Vestfirðinga.**

Umsagnaraðili bendir á ósamræmi milli stefnumótandi byggðaáætlun nr. 24/148 og 404. máls er varðar lok verkefnisins „Ísland ljóstengt". Gert er ráð fyrir því í áætlun 24/148 að verkefninu verði lokið 2020 en ekki 2021 líkt og í 404. máli.

Þá styður umsagnaraðili þau fjögur markmið og áherslur sem settar eru fram í fjarskiptaáætlun (bls. 10) en undirstrikar að víða sé markaðsbrestur í fámennum og dreifbýlum svæðum. Tryggt verði að þessi svæði njóti forgangs í opinberum stuðningi við fjarskiptakerfi.

Umsagnaraðili vekur athygli á mynd sem birt er á bls. 11-12 sem sýnir ljósleiðarahring um landið. Vestfirðir eru ekki tilgreindir sem hluti af hringtengingunni á myndinni. Umsagnaraðili óttast að Vestfirðir verði látnir mæta afgangi við viðhald. Þessar áhyggjur eru ekki síst vegna þess að NATO strengurinn er að meginhluta 30 ára gamall strengur sem liggur sumstaðar í sjó. Ákveðin líkindi eru fyrir því að talsvert viðhald verði á strengnum innan fárra ára.

Umsagnaraðili lýsir yfir áhyggjum af „götum" í dekkun fjarskiptakerfa t.d. á vinsælum ferðamannastöðum. Bent er á að það verði að vera tryggt að hægt verði að senda vegfarendum viðvaranir t.d. vegna ofanflóða eða óveðurs.

Umsagnaraðili lýsir yfir áhyggjum af því að Vestfirðir verði undir vegna 5G þróunar.

Umsagnaraðili telur mikilvægt er varðar markmið um hagkvæm og skilvirk fjarskipti að haft sé hliðsjón af því að fjarskiptakerfi séu ávallt uppfærð, þannig að íbúar um allt land standi jafnt gagnvart þjónustu s.s. Þjóðskrár. Sama eigi að gilda við alþjónustu varðandi dreifingu pósts. Ítrekuð eru markmið í verkefni A18 í stefnumótandi byggðaáætlun.

Loks vekur umsagnaraðili athygli á því að aldraðir eru mikið til í sömu stöðu og blindir og sjónskertir. Þeir verða að eiga aðgang að opinberum kerfum alfarið án hjálpar, að öðrum kosti séu þeir háðir umboðsmönnum sínum.

Ráðuneytið bendir á að gert sé ráð fyrir því að úthlutun úr fjarskiptasjóði vegna verkefnisins „Ísland ljóstengt" fari fram á árinu 2020 fyrir árið 2021 og það verði lokaúthlutun sjóðsins. Ráðuneytið telur rétt að benda á að fjarskiptamál eru almennt í góðu horfi hér á landi.

Vegna athugasemda umsagnaraðila um mynd á bls. 12 í greinargerð þá bendir ráðuneytið á að um er ræða mynd vegna stofnsambanda FARICE á landi en ekki mynd sem lýsir hringtengingum eintaka landsvæðis eins og Vestfjarða sem benda má á að nýlega fengu slíka hringtengingu gegnum framlög frá fjarskiptasjóði.

Áhyggjur þess efnis að Vestfirðir verði látnir mæta afgangi við viðhald eru úr lausu lofti gripnar.
Er varðar „göt" í dekkun fjarskiptakerfa þá bendir ráðuneytið á að mikil samkeppni er á fjarskiptamarkaði og hefur þessum götum fækkað fyrir tilstuðlan uppbyggingar á markaðslegum forsendum og fyrir tilstuðlan uppbyggingar á vegum einkum Neyðarlínunnar og fjarskiptasjóðs.
Ljóst er þó að fullkomin dekkun alls vegakerfisins er og verður veruleg áskorun.

Þróun 5G gæti orðið hröð en þó er of snemmt að taka afstöðu til þess hér hvernig staðið verði að 5G væðingu landsins.

Ráðuneytið tekur undir ábendingu umsagnaraðila þess efnis að það sé mikilvægt að fjarskiptakerfi séu ávallt uppfærð, þannig að íbúar um allt land standi jafnt eða sem jafnast er varðar aðgang að rafrænni þjónustu t.d. þjónustu Þjóðskrár Íslands. Tækniframfarir eru hins vegar gríðarlega hraðar nú á tímum og hugsanlegt er að á næstu árum muni önnur tækni leysa þá tækni sem við höfum í dag af hólmi og því þarf að vega og meta hverju sinni hvað skuli uppfært og hvað ekki.

Ráðuneytið vísar til athugasemda ráðuneytisins við umsögn Byggðarstofnunar varðandi

póstmál.

4. **Gagnaveita Reykjavíkur.**
Umsagnaraðili bendir á að lagaumhverfi og reglur verði að taka mið af því að tvö eða fleiri sjálfstæð og opin grunnnet séu til staðar sem eru óháð hvort/hvert öðru. Á sama tíma verður að gera fjarskiptafyrirtækjum kleift að eiga samstarf um nýtingu og uppbyggingu innviða, standi vilji þeirra til þess á markaðslegum og kostnaðarlegum grunni. Að öðru leiti eigi aðilar á markaði að byggja upp sjálfstæð og óháð fjarskiptanet sem eru forsenda þess að eðlileg samkeppni sé á markaðinum.

Þá er umsagnaraðili í meginatriðum sammála drögum að markmiðum og tekur undir þau. Að mati umsagnaraðila mætti þó útlista og skýra frekar einstakar áherslur. Margar þeirra hafa áhrif með beinum og óbeinum hætti á áætlanir og fjárfestingar fjarskiptafyrirtækja í fjarskiptabúnaði, lögnum, innviðum og skoðun á mögulegri samnýtingu innviða og hagkvæmni samnýtingar. Mikilvægt er í því ljósi að markmiðin séu skýrð og útlistuð frekar þannig að fjarskiptafyrirtækin geti tekið tillit til þeirra í stefnumótun og ákvarðanatöku.

Loks bendir umsagnaraðili á að 1 Gb/s er líklega ekki nógu metnaðarfullt markmið.

Ráðuneytið telur að hagsmunaaðilar þurfi að hafa skilning á því að áherslur í stefnuskjali stjórnvalda til 15 ára kunni að vera nokkuð opnar og almennar. Hvaða verkefni leiði af þessum almennu áherslum er eftir atvikum vikið að í 5 ára fjarskiptaáætlun með stefnuskjalinu. Þar er eðli máls samkvæmt ekki heldur skrifað út hver útkoman skuli vera fyrirfram. Varla fer vel á því að stjórnvöld grípi þannig inn í virkan samkeppnismarkað og þá jafnvel möguleg deilumál stórra hagsmunaaðila, að þingsályktanir sem þessar gangi framar virku eftirliti og úrskurðum þess bærra aðila.

Framundan er vinna við eftirfylgni þessara þingsályktana verði þær samþykktar af Alþingi. Þá munu umræddir þættir mögulega skýrast eitthvað líkt og kallað er eftir. Þá ber að hafa í huga að þessar þingsályktanir verða endurnýjaðar innan þriggja ára frá gildistöku.

5. **Míla ehf.**
Umsagnaraðili telur að ekki þurfi að koma til meiri fjárstuðningur frá ríkinu vegna ljósleiðaravæðingu heimila og atvinnuhúsnæðis. Ísland standi mjög framalega á þessu sviði og fagnar umsagnaraðili áformum um 3 sæstrengi.

Þá bendir umsagnaraðili á að ljóðsleiðaravæðing landsins sé stórt verkefni og mun það taka nokkur ár að klára það.

Umsagnaraðili bendir á að aðrar tæknilausnir kunni að uppfylla þarfir með sambærilegum hætti þegar fram líða stundir og varhugavert er að binda lausnir við tæknilegar útfærslur.

Umsagnaraðili telur að skerpa þurfi á markmiði um örugg fjarskipti. Flugfjarskipti, öryggisfjarskipti, ratsjárfjarskipti, útlandasambönd og almenn stofnfjarskipti ættu að vera hluti af öryggisinnviðum landsins.

Ganga þarf skýrar til verks er varðar lið 2.3.6. að mati umsagnaraðila. Bent er á í því samhengi að fjarskipti á Íslandi séu dýrari en hjá öðrum OECD ríkjum vegna vegalengda, veðurfars, fárra notenda og kostnaðarsamra tenginga við landið. Umsagnaraðili leggur til að orðalag verði skerpt í 2.3.6. til að fjarskiptainnviðir í opinberri eigu eða í eigu opinberra fyrirtækja s.s. ljósleiðari verði gerður aðgengilegur án takmarkana fyrir markaðsaðila og stuðla þannig að hagkvæmari uppbyggingu.

Umsagnaraðili telur uppfærslu regluverks á fjarskiptamarkaði mikilvæga og að þörf sé á skýrari ramma til að takast á við vanda sem til staðar er í núverandi umgjörð fjarskipta. Leggur umsagnaraðili til að 2.3.7. verði útvíkkuð og verði þannig:
„Uppfærsla regluverks á fjarskiptamarkaði taki mið af breyttu samkeppnisumhverfi, stuðli að framförum, fjárfestingum, samkeppni, hagkvæmni, samnýtingu, neytendavernd og að kostnaðarjöfnun leiði ekki til ójafnvægis og ójafnræðis."

Loks bendir umsagnaraðilinn á að einnig þurfi að taka tillit til samkeppnissjónarmiða í lið 2.4.3.

Ráðuneytið bendir á að ríkisstjórnin hefur það að markmiði að allt landið verði ljósleiðaravætt. Fullyrðing Mílu um að „ekki þurfi að koma til meiri fjárstuðningur frá ríkinu vegna ljósleiðaravæðingar heimila og atvinnuhúsnæðis“ má túlka á fleiri en einn veg svo sem að:
a) Míla sé að boða eigin uppbyggingu á markaðslegum forsendum í öllum byggðakjörnum sem eftir er að ljósleiðaravæða.
b) Míla telji að ljósnet dugi þessum byggðakjörnum eftirleiðis og ekki sé þörf á ljósleiðaravæðingu þeirra.

Ráðuneytið efast um að fyrri skýringin sé hin rétta en jákvætt ef svo er. Þá má ljóst vera að seinni skýringin stuðlar ekki að markmiði stjórnvalda. Innlegg Mílu fer því mögulega gegn langtímamarkmiðum stjórnvalda sem er ljósleiðaravæðing landsins alls.

Ljósleiðaravæðing landsins er einfaldlega ekki tækniháð markmið.

Tekið er undir þau sjónarmið að skilgreina þurfi betur hvaða innviðir falli undir „öryggis-innviði“ og að miklu skipti að nýtt regluverk verði innleitt við fyrsta tækifæri, líkt og stefnt er að.

6. **Neytendasamtökin.**
Umsagnaraðili telur mikilvægt að nethlutleysi á markaði verði tryggt. Þá telur umsagnaraðili að það sé jákvætt að afnema einkarétt í pósti en koma þurfi í veg fyrir að verðlag hækki og leggist á herðar neytenda. Enn fremur telur umsagnaraðili að brýnt sé að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði, gefa neytendum færi á að kaupa netþjónustu af einum aðila en sjónvarpsþjónustu af öðrum. Loks bendir umsagnaraðili á að verðskrár verði að vera sýnilegar.

Vegna athugasemda umsagnaraðila varðandi póstinn þá vill ráðuneytið benda á að líkur benda til þess að verðlag hækki og leggist að einhverju marki á herðar þeirra sem nýta sér póstþjónustu í ljósi þess að bréfasendingum fer stöðugt fækkandi.

7. **Persónuvernd.**
Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við þingmálin.

8. **Samband íslenskra sveitarfélaga.**
Um mál nr. 403:
Umsagnaraðili gerir athugasemd við markmið 1 þar sem um sé að ræða aðra framsetningu en í byggðaráætlun 2018-2024. Í fjarskiptaáætlun sé gert ráð fyrir að ljósleiðaravæðingu ljúki árið 2021 (í skjali 403) en árið 2020 í byggðaáætlun.

Umsagnaraðili leggur til, svo tryggja megi hagsmuni þeirra sem eiga ekki kost á aðgangi að ljósleiðaratengingu innan tímamarkanna 2020-2021 og samræmi á milli áætlana, að við markmið 2 bætist samhljóða setning og er í stefnumótandi byggðaáætlun, en hún er svohljóðandi: „og þar með eiga öll heimili og vinnustaðir í landinu kost á tengingu við ljósleiðara eða háhraðanet.“

Umsagnaraðili fagnar aðgerðum um að endurbæta gagnagrunn þjóðskrár og að stuðlað verði að gjaldfrjálsu flæði opinberra upplýsinga. Leggja til viðbót við markmið 13, að á eftir orðinu „stofnana,“ komi: „bæði ríkis og sveitarfélaga.“

Fram koma efasemdir um að fjárhæðir til að takast á við markmið 12 standist. Leggja til að í aðgerðaráætlun verði gerð grein fyrir fjáröflun og útgjöldum eftir einstökum verkefnum.

Um mál nr. 404:
Umsagnaraðili fagnar stefnudrögunum en bendir á að þau tryggi ekki nægilega vel hagsmuni

byggða sem búa við markaðsbrest og segir vera ósamræmi á milli tillögunnar og þegar samþykktar stefnumótandi byggðaáætlunar 2018 – 2024. Telur Sambandið rétt að nota orðið byggðir í þingsályktuninni í stað landshluta til að tryggja fullt samræmi á milli byggðarstefnu og þessarar stefnu.

Sambandið telur að tryggja þurfi betur rétt allra til viðunandi alþjónustu í pósti. Leggja til að við lið 2.3.16. bætist: „að teknu tilliti til þess að öll heimili og vinnustaðir njóti skilgreindrar lágmarksþjónustu."

Um umsagnir umsagnaraðila við 403. mál:
Ráðuneytið vísar til athugasemda ráðuneytisins við lið 3 hér að ofan er varðar verkefnið „Ísland ljóstengt". Verklok ríkisins miðast við að gera síðustu samninga á grundvelli verkefnisins árið 2020 og að sveitarfélög ljúki uppbyggingu í dreifbýli eingöngu á grundvelli verkefnisins fyrir árslok 2021. Það virkar öfugsnúið að orðalag nýrrar fjarskiptaáætlunar taki mið af margra ára gömlu orðalagi í byggðaáætlun sem er hvort tveggja ónákvæmt og villandi. Ráðuneytið mun beita sér fyrir því að fjarskiptaáherslur byggðaáætlunar verði uppfærðar eftirleiðis m.t.t. stefnu og aðgerðaáætlun í fjarskiptum á hverjum tíma.

Ráðuneytið leggst gegn viðbót við markmið 3.13. Áætlunin er aðeins til fimm ára og ber að endurskoða innan þriggja ára. Ráðuneytið telur ekki tímabært að setja slíka viðbót inn.

Um umsagnir umsagnaraðila við 404. mál:
Ráðuneytið fellst á að notað verði hugtakið „byggðir" í stað hugtaksins „landshlutar".
Einnig er fallist á megin inntak tillögu um viðbót við lið 2.3.16 þannig að samrýmist skilgreiningu á (lög)heimili og vinnustað/fyrirtæki í 1. málsgrein, 10. gr. reglugerðar 364/2003þar sem segir m.a. ... „til einstaklinga sem hafa fasta búsetu, sbr. lög um lögheimili nr. 21/1990, með síðari breytingum. Á sama hátt skal bera út póst til fyrirtækja sem hafa fasta atvinnustarfsemi í viðkomandi húsnæði."

Ráðuneytið telur að með frumvarpi til nýrra laga um póstþjónustu sé stuðlað að því að öll „heimili" og „fyrirtæki" njóti lágmarkspóstþjónustu.

9. **Samgöngustofa.**
Umsagnaraðili sér ekki að umfang þeirra fjarskiptamálefna sem þingsályktunartillögurnar ná yfir séu nægjanlega skýrt afmarkaðar og vilja minna á ábyrgð umsagnaraðila þegar kemur að samgöngumálum. Að mati umsagnaraðila virðist sem umsagnaraðili hafi ekki aðgang að þeirri vinnu sem framundan er.

Umsagnaraðili áréttar mikilvægi aðkomu hans að mótun framtíðarfyrirkomulags á þessu sviði. Þá gerir umsagnaraðilinn athugasemdir við notkun á hugtökunum *safety* og *security* .

Ráðuneytið telur eftir á að hyggja að rétt hefði verið að kalla Samgöngustofu tímabundið að borðinu við frágang þessara áætlana. Ráðuneytið bendir hins vegar á að grænbók fyrir málaflokkinn fjarskipta- og póstmál fór í opið samráð í samráðsgátt ráðuneytisins í september 2018 og því hafi umsagnaraðila verið í lófa lagið að koma athugasemdum sínum að á vinnslustigi.

10. **Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins.**
Umsagnaraðilar benda á að við gerð fjarskiptaáætlunar þurfi að horfa til samkeppnishæfni landsins í alþjóðlegu samhengi og gæta þess að innviðir styðji við hinn stafræna heim, sem er í gríðarlegum vexti. Bent er á að samkvæmt skýrslu KPMG er Ísland að tapa forskoti á samkeppnishæfni gagnaversiðnaðar m.a. vegna ósamkeppnishæfra gagnatenginga.

Umsagnaraðilar taka undir að hér verði að vera þrír sæstrengir sem tengi landið við Evrópu frá mismunandi landtökustöðum.

Þá telja umsagnaraðilar að fimm ára áætlun gangi of skammt og að ná þurfi umræddum markmiðum fyrr en sú áætlun leggur upp með. Reikna má með að bilanatíðni gagnastrengja aukist.

Ráðuneytið telur ekki tilefni til að koma með athugasemdir við umsögn umsagnaraðila.

11. **Samtök sveitarfélaga Norðurland vestra.**
Umsagnaraðili leggur áherslu á að þess verði gætt að þær ljósleiðaratengingar sem eftir standa í verkefninu „Ísland ljóstengt" og eru dýrustu og óhagkvæmustu tengingarnar verði kláraðar með aðkomu ríkisins. Einnig að verkefnið verði víkkað út og nái til þéttbýliskjarna þar sem ekki eru markaðslegar forsendur til reksturs ljósleiðarakerfa.

Umsagnaraðili telur að bæta þurfi farsímasamband á landsbyggðinni. Ekki bara byggðarmál heldur öryggismál.

Gerðar eru athugasemdir við að gert sé ráð fyrir 48 mkr. á ári í jöfnunarsjóð alþjónustu í pósti. Mjög hæpið er að svo lág fjárhæð geti tryggt ásættanlega póstþjónustu í dreifbýli.

Ráðuneytið vill taka fram í þessu sambandi að þann 22. mars skrifuðu fjarskiptasjóður og SRN undir styrktarsamninga við bæði Húnaþing vestra og Sveitarfélagið Skagafjörð sem tryggja eiga að nánast allir styrkhæfir staðir í dreifbýli Norðurlands vestra eigi kost á ljósleiðaratengingu. Stjórnvöld hafa enga afstöðu tekið gagnvart mögulegri aðkomu að ljósleiðaravæðingu byggðakjarna.

Lengi má bæta farsíma og farnetsdekkun á landsbyggðinni. Þó ber að taka fram að slík þjónusta er ekki lögboðin.

Í athugasemdum er verið að rugla saman fjármögnun alþjónustusjóðs í fjarskiptum sem hlýtur að óbreyttu umrædda fjárveitingu árlega og alþjónustusjóði í pósti sem er ófjármagnaður. Samkvæmt nýju póstfrumvarpi stendur til að greiða alþjónustuveitanda í pósti fyrir veitta alþjónustu, ef svo ber undir, á grundvelli þjónustusamnings sem er þá framvirkur en ekki gegnum alþjónustusjóð sem er afturvirkur.

12. **Félag íslenskra atvinnuflugmanna.**
Umsagnaraðili vekur athygli á að hvorki ISAVIA né Samgöngustofa séu tilgreind í 403. og 404. máli. Umsagnaraðili telur brýnt að hafa þessa aðila inni m.a. vegna eftirlitshlutverks Samgöngustofu með fjarskiptatíðnum vegna flugfjarskipta.

Ráðuneytið vísar til athugasemda í 2 og 9.

13. **Síminn hf.**

a. Umsagnaraðili bendir á að í inngangi séu talin atriði sem lögð verði áhersla á í a.-f. liðum. Umsagnaraðili telur liðina vera jákvæða en nauðsynlegt sé að bæta við tveimur liðum til að efla samkeppni. Í fyrsta lagi mætti bæta við nýjum lið, g-lið, svohljóðandi: „að fjarskiptainnviðir sem hið opinbera hefur lagt, þ.m.t. fyrirtæki sem eru beint eða óbeint í eigu hins opinbera, verði nýttir með skilvirkum hætti og fjarskiptafyrirtækjum gert kleift að fá óvirkan aðgang að slíkum innviðum á jafnræðisgrundvelli."

b. Í öðru lagi er lagt til að bætt verði við öðrum lið, h-lið, svohljóðandi: „efla og stuðla að öflugri kennslu, rannsóknum og nýsköpun á sviði fjarskiptastarfsemi."

c. Umsagnaraðili telur framtíðarsýn Íslands vera jákvæða. Leggur hann til að orðinu „raunverulegum" verði skotið inn á undan orðinu „þörfum". Umsagnaraðili bendir á að stjórnvöld séu ekki endilega besti dómarinn á það hverjar þarfir neytenda eða atvinnulífsins eru, heldur þeir aðilar sem eru í daglegum samskiptum við þessa aðila. Þess vegna þarf að mati umsagnaraðila að bæta við þriðja meginmarkmiðinu sem segi að „stjórnvöld stuðli að því með hvetjandi hætti að fjarskiptafyrirtæki geti mætt þörfum markaðarins á hverjum tíma." Með þessu væru stjórnvöld að leggja áherslu á að aðstoða fjarskiptafyrirtæki við að efla þjónustu sína en ekki að setja íþyngjandi kvaðir.

d. Umsagnaraðili telur ekki tilefni til þess að gera athugasemdir við markmið um aðgengileg og

greið fjarskipti og tekur heilshugar undir mikilvægi þess að samband Íslands við umheiminn sé tryggt og að verðlagning á gagnasambandi um sæstreng sé sanngjörn og notendur fjarskiptaþjónustu séu ekki látnir greiða niður aðra starfsemi sem einnig er nýtt um sama streng.

e. Umsagnaraðili telur að það verði að taka afdráttarlaust fram í lið 2.3.6 að fjarskiptafyrirtækjum verði veittur aðgangur að fjarskiptainnviðum í eigum hins opinbera með óvirkum hætti, þ.e. rörum, aðstöðu sem og ljósleiðara án búnaðar. Vísað er í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA í máli vegna lagningu ljósleiðara á vegum hins opinbera í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Umsagnaraðili leggur til að 2.3.6 verði svohljóðandi: „Nýta beri fjarskiptainnviði, í beinni eða óbeinni samkeppni, þ.m.t. með því að veita fjarskiptafyrirtækjum aðgang að óvirkum innviðum á jafnræðisgrundvelli, s.s. með nýtingu á aðstöðu, húsnæði, rörum og ljósleiðara án endabúnaðar (svokölluðum svörtum ljósleiðara)." Slíkur aðgangur mun að mati umsagnaraðila auka getu fjarskiptafyrirtækja, sem eru ekki í eigu opinberra aðila, til þess að fjárfesta með sjálfbærum hætti í virkum tæknibúnaði ofan á ljósleiðara og þar með auka samkeppni.

f. Þá er það mat umsagnaraðila að rétt sé að bæta við 2.3.12 eftirfarandi: „stefna skuli að því að draga úr gjöldum á fjarskiptamarkaði umfram almenn opinber gjöld."

g. Enn fremur leggur umsagnaraðili til að bætt verði við lið 2.3.13 svohljóðandi texta: „ hið opinbera skal leitast við að tryggja fjarskiptafyrirtækjum aðstöðu í og við byggingar í eigu hins opinbera til þess að setja upp senda fyrir farnetsþjónustu og að skipulagsyfirvöld tryggi að gert sé ráð fyrir sendum vegna farnetsþjónustu við mótun á fyrirkomulagi byggðar og umhverfis." Bent er á að hið opinbera hafi það í hendi sér að tryggja einfaldleika og gagnsæi við uppsetningu á farsímasendum og þannig aukið möguleika á skilvirkri og hagkvæmri þjónustu og eðlilegt að ef það er krafa um hagkvæm fjarskipti að þeim sem eiga að bjóða slíka þjónustu sé tryggður möguleikinn á því að setja upp kerfið með sem hagkvæmustum hætti.

h. Umsagnaraðili leggur til að nýjum lið verði bætt við þar sem fram kæmi: „Póst- og fjarskiptastofnun skuli forgangsraða verkefnum með gagnsæjum og upplýstum hætti þar sem lögð verður áhersla á að birta markaðsgreiningar á 2-3 ára fresti." Fordæmi er fyrir svona hjá Samkeppniseftirlitinu.

i. Þá er bent á að uppfærslu lagaramma fjarskipta þurfi að hraða en dráttur á uppfærslu geti leitt til þess að tækifæri fari forgörðum.

Ráðuneytið vísar til athugasemda í 4 og 5 er varðar liði a, c, e, f og g frá umsagnaraðila.

Varðandi b: Ráðuneytið telur ábendingu umsagnaraðila uppbyggilega og áhugaverða. Þó er spurning hvort að stefnumið sem þetta eigi heima í fjarskiptaáætlun. Skynsamlegra sé líklegast að halda þessum áherslum á lofti í stefnu um menntmál og eða nýsköpun.

Varðandi d: Huga þarf að þessum atriðum m.a. við mótun stefnu stjórnvalda um framtíðarfyrirkomulag tenginga við útlönd. Ráðuneytið hefði gjarnan vilja stíga fastar til jarðar í þeim efnum í fimm ára fjarskiptaáætlun.

Varðandi h: Ráðuneytið getur ekki fallist á þessa tillögu.

Varðandi i: Hafinn er undirbúningur að tímanlegri uppfærslu lagaramma fjarskipta.